

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

**Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg stungulyfsstofn, lausn**  
**Ceftazidim Fresenius Kabi 1000 mg stungulyfsstofn, lausn**  
**Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn**

ceftazidim

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum
- Látið lækninginn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Ceftazidim Fresenius Kabi og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ceftazidim Fresenius Kabi
3. Hvernig nota á Ceftazidim Fresenius Kabi
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ceftazidim Fresenius Kabi
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### **1. Upplýsingar um Ceftazidim Fresenius Kabi og við hverju það er notað**

Ceftazidim Fresenius Kabi er sýklalyf notað hjá fullorðnum og börnum (þ.m.t. nýburum). Það verkar með því að drepa bakteríur sem valda sýkingum. Það tilheyrir flokki lyfja sem nefnast *cefalósporín*.

**Ceftazidim Fresenius Kabi er notað við meðferð alvarlegra bakteríusýkinga í:**

- lungum eða brjóstholi
- lungum og berkjum hjá sjúklingum með slímseigjusjúkdóm
- heila (*heilahimmubólga*)
- eyra
- þvagfærum
- húð og mjúkvefjum
- kvið og kviðvegg (*lifhimmubólga*)
- beinum og liðum.

Ceftazidim Fresenius Kabi má einnig nota:

- til þess að koma í veg fyrir sýkingar við skurðaðgerð á blöðruhálskirtli hjá körlum
- til þess að meðhöndla sjúklinga með lítinn fjölda hvíttra blóðkorna (*daufkyrningafæð*) sem fá hita vegna bakteríusýkingar.

### **2. Áður en byrjað er að nota Ceftazidim Fresenius Kabi**

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

**Ekki má nota Ceftazidim Fresenius Kabi**

- **ef um er að ræða ofnæmi** fyrir **ceftazidimi** eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur fengið **alvarleg ofnæmisviðbrögð** við einhverju **öðru sýklalyfi** (penisillín, mónóbaktam og karbapenem) þar sem þú gætir einnig verið með ofnæmi fyrir Ceftazidim Fresenius Kabi.

→ **Leitið ráða hjá læknum áður en** notkun Ceftazidim Fresenius Kabi er hafin ef þetta gæti átt við. Þú mátt ekki fá Ceftazidim Fresenius Kabi.

### **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Ceftazidim Fresenius Kabi**

Þú verður að vera vakandi fyrir tilteknum einkennum á borð við ofnæmisviðbrögð, taugaraskanir og meltingarfærakvilla, svo sem niðurgangi, meðan á gjöf Ceftazidim Fresenius Kabi stendur. Þetta dregur úr hættu á hugsanlegum vandamálum. Sjá (*Sjúkdómar sem þú þarft að vera vakandi fyrir*) í kafla 4. Ef þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð við öðrum sýklalyfjum getur einnig verið að þú sért með ofnæmi fyrir Ceftazidim Fresenius Kabi.

### **Ef þú þarft að fara í blóðrannsókn eða þvagprufu**

Ceftazidim Fresenius Kabi getur haft áhrif á niðurstöður þvagrannsóknna til að greina sykurmagn og tiltekinnar blóðprófa sem nefnist *Coombs próf*. Ef rannsóknir eru framkvæmdar:

- **Láttu þann sem tekur sýnið vita** að þú hafir fengið Ceftazidim Fresenius Kabi.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Ceftazidim Fresenius Kabi**

Látið lækinn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þú átt ekki að fá Ceftazidim Fresenius Kabi án þess að ráðfæra þig við lækinn ef þú tekur einnig:

- sýklalyf sem nefnist *klóramfeníkól*
- gerð sýklalyfja sem nefnist *amínóglýkósíð*, t.d. *gentamicín*, *tobramycín*
- vatnstöflur sem nefnast *fúrósemíð*

→ **Láttu lækinn vita** ef þetta á við um þig.

### **Meðganga, brjóstagjöf og frjósemi**

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

### **Akstur og notkun véla**

Ceftazidim Fresenius Kabi getur valdið aukaverkunum sem hafa áhrif á hæfni til aksturs, svo sem sundli.

Ekki aka eða nota vélar nema þú sért viss um að þú finnur ekki fyrir neinum áhrifum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Ceftazidim Fresenius Kabi inniheldur natríum**

Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg inniheldur 26 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverju hettuglasi af ceftazidimi. Þetta jafngildir 1,3% af daglegri hámarksinntöku natríums úr fæðu skv. ráðleggingum fyrir fullorðna.

Ceftazidim Fresenius Kabi 1000 mg inniheldur 52 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverju hettuglasi af ceftazidimi. Þetta jafngildir 2,6% af daglegri hámarksinntöku natríums úr fæðu skv. ráðleggingum fyrir fullorðna.

Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg inniheldur 104 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverju glasi af ceftazidimi. Þetta jafngildir 5,2% af daglegri hámarksinntöku natríums úr fæðu skv. ráðleggingum fyrir fullorðna.

Þetta ber að hafa í huga ef þú ert á natríumskertu mataræði.

## **3. Hvernig nota á Ceftazidim Fresenius Kabi**

**Ceftazidim Fresenius Kabi er venjulega gefið af lækni eða hjúkrunarfræðingi.** Hægt er að gefa það sem **dreypi** (innrennsli í bláæð) eða sem **innðælingu** beint í æð eða vöðva.

Ceftazidim Fresenius Kabi er útbúið af læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingi, með vatni fyrir stungulyf eða viðeigandi innrennslisvökva.

### **Ráðlagður skammtur**

Læknirinn mun ákveða réttan skammt af Ceftazidim Fresenius Kabi fyrir þig og hann fer eftir vægi og gerð sýkingar, hvort þú tekur önnur sýklalyf, þyngd og aldri, og hve vel nýru þín starfa.

### **Nýburar (0-2 mánaða)**

**Fyrir hvert 1 kg sem barnið vegur**, fær það 25 til 60 mg af Ceftazidim Fresenius Kabi á dag, í tveimur aðskildum skömmtum.

### **Ungbörn (eldri en 2 mánaða) og börn sem vega minna en 40 kg**

**Fyrir hvert 1 kg sem barnið vegur**, fær það 100 til 150 mg af Ceftazidim Fresenius Kabi á dag í þremur aðskildum skömmtum. Að hámarki 6 g á dag.

### **Fullorðnir og unglingar sem vega 40 kg eða meira**

1000 mg til 2000 mg af Ceftazidim Fresenius Kabi þrisvar á dag. Að hámarki 9 g á dag.

### **Sjúklingar eldri en 65 ára**

Dagsskammtur á að öllu jöfnu ekki að vera stærri en 3 g á dag, einkum hjá þeim sem eru eldri en 80 ára.

### **Sjúklingar með nýrnakvilla**

Þú færð hugsanlega annan skammt en venjulegan skammt. Læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn mun ákveða hversu mikið þú þarft af Ceftazidim Fresenius Kabi, byggt á alvarleika nýrnasjúkdómsins. Læknirinn mun skoða þig vandlega og þú gætir þurft að fara í regluleg nýrnapróf.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef þú notar óvart stærri skammt en þér var ávísaður skaltu hafa tafarlaust samband við lækinn eða næsta sjúkrahús.

### **Ef gleymist að nota Ceftazidim Fresenius Kabi**

Ef þú missir af inndælingu átt þú að fá hana eins fljótt og auðið er. Ef það er hins vegar nánast komið að næstu inndælingu skaltu sleppa inndælingunni sem gleymdist. Ekki á að tvöfalda skammt (tvær inndælingar samtímis) til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

### **Ef hætt er að nota Ceftazidim Fresenius Kabi**

Ekki hætta töku Ceftazidim Fresenius Kabi nema læknirinn gefi þér fyrirmæli um slíkt.

**Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.**

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Ástand sem þú þarft að vera vakandi fyrir**

Eftirfarandi eru alvarlegar aukaverkanir sem hafa komið fram hjá fáum einstaklingum, en nákvæm tíðni þeirra er ekki þekkt:

- **Alvarleg ofnæmisviðbrögð.** Einkenni eru m.a. **upphleypt útbrot ásamt kláða, þroti**, stundum á andliti eða munnnum sem valda **öndunarerfiðleikum**.

- **Húðútbrot** sem stundum fylgir **blöðrumyndun** og sem líkjast **smáum skotskífum** (dökkur blettur í miðju, umvafinn fölara svæði með dökkum hring yst).
- **Útbreidd útbrot** ásamt **blöðrum** og **húðflögnun**. (Þetta geta verið merki um *Stevens-Johnson heilkenni* eða *húðþekjudrepslos*).
- Mjög sjaldan hefur verið tilkynnt um **alvarleg ofnæmisviðbrögð** með miklum útbrotum, stundum ásamt hita, þreytu, þrota í andliti eða eitlum, fjölgun rauðkyrninga (gerð hvítra blóðfruma), áhrifum á lifur, nýru eða lungu (viðbrögð sem nefnast lyfjaútbrot með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum).
- **Taugaraskanir**: skjálfti, flog og stundum dá. Slíkt hefur komið fram hjá einstaklingum sem fá of stóran skammt, einkum hjá þeim sem eru með nýrnasjúkdóm.

→ **Hafðu tafarlaust samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef þú færð einhver þessara einkenna.**

### Algengar aukaverkanir

Geta komið fyrir hjá **allt að 1 af hverjum 10** einstaklingum:

- niðurgangur
- þroti og roði meðfram æð
- rauð og upphleypt útbrot, sem stundum fylgir kláði
- verkir, sviði, þroti eða bólga á stungustað.

→ **Láttu lækinn vita** ef eitthvað af þessu veldur þér óþægindum.

Algengar aukaverkanir sem kunna að koma fram í blóðrannsóknnum:

- aukning tiltekinnar gerðar hvítra blóðfrumna (*rauðkyrningafjöld*)
- fjölgun frumna sem gera blóðinu kleift að storkna
- aukning lifrarensíma.

### Sjaldgæfar aukaverkanir

Geta komið fyrir hjá **allt að 1 af hverjum 100** einstaklingum:

- bólga í þörmum sem getur valdið verkjum eða niðurgangi sem kann að fela í sér blóð
- þruska - sveppasýkingar í munni eða leggöngum
- höfuðverkur
- sundl
- magaverkir
- ógleði eða uppköst
- hiti og kuldahrollur.

→ **Láttu lækinn vita** ef þú finnur fyrir einhverju af þessu.

Sjaldgæfar aukaverkanir sem kunna að koma fram í blóðrannsóknnum:

- fækkun hvítra blóðfrumna
- fækkun blóðflagna (frumur sem aðstoða við blóðstorknun)
- hækkun þvagefnis í blóði, köfnunarefnis úr þvagefni í blóði eða kreatíníns í sermi.

### Aðrar aukaverkanir

Aðrar aukaverkanir sem hafa komið fram hjá litlum fjölda einstaklinga, en nákvæm tíðni þeirra er ekki þekkt:

- bólga eða bilun í nýrum
- náladofi
- slæmt bragð í munni
- gulur blær á augnhvítu eða húð.

Aðrar aukaverkanir sem kunna að koma fram í blóðrannsóknnum:

- rauðar blóðfrumur eyðast of hratt
- fjölgun tiltekinna hvítra blóðfrumna
- veruleg fækkun hvítra blóðfrumna.

## Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Ceftazidim Fresenius Kabi

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir „Fyrnist“.
- Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið við lægri hita en 25°C. Verjið gegn ljósi.
- Þegar búið er að blanda Ceftazidim Fresenius Kabi duftið sem lausn má nota það í 6 klst. við 25°C og í 12 klst. við 5°C.
- Ekki skal gefa lausnina ef hún er gruggug. Hún á að vera alveg tær. Fleygja skal ónotaðri lausn

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Ceftazidim Fresenius Kabi inniheldur:

- **Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg stungulyfsstofn, lausn inniheldur virka innihaldsefnið** ceftazidim (500 mg) sem ceftazidim pentahýdrat.
- **Ceftazidim Fresenius Kabi 1000 mg stungulyfsstofn, lausn** inniheldur virka innihaldsefnið ceftazidim (1000 mg) sem ceftazidim pentahýdrat.
- **Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn** inniheldur virka innihaldsefnið ceftazidim (2000 mg) sem ceftazidim pentahýdrat.
- Natríummagnið er 26 mg af natríum í 500 mg af ceftazidimi, 52 mg af natríum í 1,0 g af ceftazidimi og 104 mg af natríum í 2,0 g af ceftazidimi. Þetta ber að hafa í huga ef þú takmarkar eða fylgist með neyslu natríums (salts). Allir stofnar innihalda vatnsfrítt natríumkarbónat.

### Lýsing á útliti Ceftazidim Fresenius Kabi og pakkningastærðir:

- Ceftazidim Fresenius Kabi stofni er venjulega blandað við vatn fyrir stungulyf þannig að það myndi tært stungulyf/innrennslislyf, lausn. Þegar Ceftazidim Fresenius Kabi lausnin er tilbúin blandar læknirinn henni hugsanlega við aðra viðeigandi vökva til innrennslis. Lausnirnar geta ýmist verið gulbrúnar eða ljósgular að lit.
- Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg, 1000 mg og 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn fæst í pakkningum með 1 og 10 hettuglösum úr gleri með stofni sem lokað er með gúmmítappa, álloki og smelluloki úr plasti.
- Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

## Markaðsleyfishafi og framleiðandi

### Markaðsleyfishafi

Fresenius Kabi AB  
Rapsgatan 7  
751 74 Uppsala  
Svíþjóð

### Framleiðandi

Labesfal Laboratorios Almiro S.A.  
Zona Industrial do Lagedo

3465-157 Santiago de Besteiros  
Portugal

**Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins og í Bretlandi (Norður-Írland) undir eftirfarandi heitum:**

<i>Austurríki</i>	<i>Ceftazidim Kabi 0,5g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 1g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 2g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung/ Infusionslösung</i>
<i>Þýskaland</i>	<i>Ceftazidim Kabi 0,5 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 1 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 2 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung/ Infusionslösung</i>
<i>Belgía</i>	<i>Ceftazidim Fresenius Kabi 500mg, poeder voor oplossing voor injectie Ceftazidim Fresenius Kabi 1000mg, poeder voor oplossing voor injectie. Ceftazidim Fresenius Kabi 2000mg, poeder voor oplossing voor injectie/infusie</i>
<i>Tékkland</i>	<i>Ceftazidime Kabi 1g Ceftazidim Kabi 2g</i>
<i>Danmörk</i>	<i>Ceftazidim Fresenius Kabi</i>
<i>Eistland</i>	<i>Ceftazidime Fresenius Kabi 500 mg Ceftazidime Fresenius Kabi 1000 mg Ceftazidime Fresenius Kabi 2000 mg</i>
<i>Grikkland</i>	<i>Ceftazidime Fresenius Kabi 1000mg, κόνις για ενέσιμο διάλυμα Ceftazidime Kabi 2000mg, κόνις για διάλυμα προς ένεση/έγχυση</i>
<i>Finnland</i>	<i>Ceftazidim Fresenius Kabi 1 g injektio-aine, liuosta varten Ceftazidim Fresenius Kabi 2 g injektio-/infuusio-aine, liuosta varten</i>
<i>Ungverjaland</i>	<i>Ceftazidim Kabi 1 g Ceftazidim Kabi 2 g por oldatos injekcióhoz / infúzióhoz</i>
<i>Ítalía</i>	<i>Ceftazidima Fresenius</i>
<i>Ísland</i>	<i>Ceftazidim Fresenius Kabi</i>
<i>Lettland</i>	<i>Ceftazidime Fresenius Kabi 500 mg Ceftazidime Fresenius Kabi 1000 mg Ceftazidime Fresenius Kabi 2000 mg</i>
<i>Lúxemborg</i>	<i>Ceftazidim Kabi 0,5 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 1 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung Ceftazidim Kabi 2 g Pulver zur Herstellung einer Injektionslösung/ Infusionslösung</i>
<i>Litháen</i>	<i>Ceftazidime Kabi 500 mg Ceftazidime Kabi 1000 mg</i>

	<i>Ceftazidime Kabi 2000 mg</i>
<i>Malta</i>	<i>Ceftazidime Fresenius 1000 mg powder for Solution for injection Ceftazidime Fresenius 2000 mg powder for solution for injection/infusion</i>
<i>Holland</i>	<i>Ceftazidim Kabi 500mg, poeder voor oplossing voor injectie. Ceftazidim Kabi 1000mg, poeder voor oplossing voor injectie. Ceftazidim Fresenius Kabi 2000mg, poeder voor oplossing voor injectie/infusie</i>
<i>Noregur</i>	<i>Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg pulver til infusjonsvæske, oppløsning Ceftazidim Fresenius Kabi 1g Pulver til injeksjonsvæske, oppløsning Ceftazidim Fresenius Kabi 2g, pulver til injeksjons-/infusjonsvæske, oppløsning</i>
<i>Pólland</i>	<i>Ceftazidime Kabi</i>
<i>Portúgal</i>	<i>Ceftazidime Kabi</i>
<i>Slóvenía</i>	<i>Ceftazidim Kabi 1000 mg prašek za raztopino za injiciranje; Ceftazidim Kabi 2000mg Prašek za raztopino za injiciranje ali infundiranje</i>
<i>Slóvakía</i>	<i>Ceftazidim Kabi 1g Ceftazidim Kabi 2g</i>
<i>Spánn</i>	<i>Ceftazidima Kabi 2g</i>
<i>Bretland (Norður-Írland)</i>	<i>Ceftazidime 0,5 g Ceftazidime 1 g Ceftazidime 2 g</i>

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2024.**

-----  
Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Lyfið er aðeins einnota. Fargið ónotuðu innihaldi.

Notkun í bláæð – inndæling:

Við beina, ósamfellda gjöf í bláæð skal blanda ceftazidimi við vatn fyrir stungulyf (sjá töfluna hér að neðan). Sprauta þarf lausninni hægt beint í æðina í allt að 5 mínútur eða gefa í slöngu með gjafasetti.

Notkun í vöðva (fyrir 500 mg og 1000 mg):

Ceftazidimi skal blanda við vatn fyrir stungulyf eða lídókaín hýdróklóríð 10 mg/ml (1%) stungulyf, lausn samkvæmt töflunni hér að neðan. Lesa skal upplýsingar fyrir lídókaín áður en ceftazidimi er blandað við lídókaín.

Notkun í bláæð – innrennsli (sjá kafla 3):

Við innrennsli í bláæð skal blanda innihaldi 2 g innrennslisglassins við 10 ml af vatni fyrir stungulyf (fyrir stakan skammt) og 50 ml af vatni fyrir stungulyf (innrennsli í bláæð) eða einn af þeim vökvum til notkunar í bláæð sem eru samrýmanlegir. Gefið með innrennsli í bláæð í 15-30 mínútur. Hægt er að gefa ósamfellt innrennsli í bláæð með gjafasetti af Y-gerð með samrýmanlegum lausnum. Við innrennsli lausnar sem inniheldur ceftazidim er hins vegar æskilegt að hætta notkun hinnar lausnarinnar.

Allar stærðir hettuglása af ceftazidimi fást með minnkuðum þrýstingi. Þegar lyfið leysist upp losnar koltvísýringur og jákvæður þrýstingur myndast. Ekki þarf að hafa áhyggjur af smáum loftbólum með koltvísýringi í blönduðu lausninni.

### Leiðbeiningar um blöndun

Sjá töflu varðandi rúmmál sem bæta á við og styrk lausna, sem getur verið hentug þegar nota á hluta úr skömmtum.

Stærð hettuglass/glass	Magn leysis sem bæta þarf við (ml)	Áætlaður styrkur (mg/ml)
500 mg stungulyfsstofn, lausn		
500 mg	Í vöðva Stakur skammtur í bláæð	1,5 ml 5 ml 260 90
1000 mg stungulyfsstofn, lausn		
1000 mg	Í vöðva Stakur skammtur í bláæð	3 ml 10 ml 260 90
2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn		
2000 mg	Stakur skammtur í bláæð Innrennsli í bláæð	10 ml 50 ml* 170 40

\* Skal bæta við í 2 skrefum

### **Undirbúningur lausna með Ceftazidim Fresenius Kabi til notkunar handa börnum**

**Nýburar og ungbörn ≤2 mánaða**

**Ósamfelld inndæling í bláæð**

**Skömmtun: 25 – 60 mg/kg/dag í tveimur aðskildum skömmtum**

Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg stungulyfsstofn, lausn (blöndun við 5 ml af leysi) og Ceftazidim Fresenius Kabi 1000 mg stungulyfsstofn, lausn (blöndun við 10 ml af leysi)		
	<b>2 skammtar á dag</b> <b>Rúmmál miðað við hlutaskammt</b>	
<b>Líkamsþyngd [kg]</b>	<b>25 mg/kg/dag</b>	<b>60 mg/kg/dag</b>
3	0,45 ml	1,00 ml
4	0,55 ml	1,30 ml
5	0,70 ml	1,65 ml
6	0,85 ml	2,00 ml

Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn (blöndun fyrir inndælingu í bláæð með 10 ml af leysi)		
	<b>2 skammtar á dag</b> <b>Rúmmál miðað við hlutaskammt</b>	
<b>Líkamsþyngd [kg]</b>	<b>25 mg/kg/dag</b>	<b>60 mg/kg/dag</b>
3	0,25 ml	0,55 ml
4	0,30 ml	0,70 ml
5	0,40 ml	0,85 ml
6	0,50 ml	1,00 ml

**Ungbörn og smábörn >2 mánaða og börn <40 kg**



**Ósamfelld inndæling í bláæð****Skömmtun: 100 - 150 mg/kg/dag í 3 aðskildum skömmtum, að hámarki 6 g/dag**

Ceftazidim Fresenius Kabi 500 mg stungulyfsstofn, lausn (blöndun við 5 ml af leysi) og Ceftazidim Fresenius Kabi 1000 mg stungulyfsstofn, lausn (blöndun við 10 ml af leysi)		
Líkamsþyngd [kg]	3 skammtar á dag Rúmmál miðað við hlutaskammt	
	100 mg/kg/dag	150 mg/kg/dag
10	3,70 ml	5,60 ml
20	7,40 ml	11,10 ml
30	11,10 ml	16,70 ml
40	14,80 ml	22,20 ml
50	18,50 ml	-
60	22,20 ml	-

Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn (blöndun fyrir inndælingu í bláæð með 10 ml af leysi)		
Líkamsþyngd [kg]	3 skammtar á dag Rúmmál miðað við hlutaskammt	
	100 mg/kg/dag	150 mg/kg/dag
10	2,00 ml	3,00 ml
20	4,00 ml	6,00 ml
30	6,00 ml	9,00 ml
40	8,00 ml	12,00 ml
50	10,00 ml	-
60	12,00 ml	-

**Ungbörn og smábörn >2 mánaða og börn <40 kg****Samfelld innrennsli****Hleðsluskammtur með 60 - 100 mg/kg og svo samfelld innrennsli með 100 - 200 mg/kg/dag, að hámarki 6 g/dag**

Ceftazidim Fresenius Kabi 2000 mg stungulyfs-/innrennslisstofn, lausn					
Líkamsþyngd [kg]	hleðsluskammtur: rúmmál miðað við skammt fyrir inndælingu í bláæð (blöndun fyrir inndælingu í bláæð með 10 ml af leysi)		samfelld innrennsli: rúmmál á dag (blöndun fyrir inndælingu í bláæð með 50 ml af leysi)		
	60 mg/kg/dag	100 mg/kg/dag	100 mg/kg/dag	150 mg/kg/dag	200 mg/kg/dag
10	3,5 ml	5,9 ml	25,00 ml	37,50 ml	50,00 ml
20	7,0 ml	11,8 ml	50,00 ml	75,00 ml	100,00 ml
30	10,6 ml	17,6 ml	75,00 ml	112,50 ml	150,00 ml
40	14,1 ml	23,5 ml	100,00 ml	150,00 ml	-

Athuga skal að ekki má gefa meira en 6 g (sem jafngildir 150 ml) á dag

Samrýmanlegir vökvar til notkunar í bláæð:

Við styrk ceftazidims sem nemur 90 mg/ml til 260 mg/ml, 90 mg/ml til 260 mg/ml og 40 mg/ml til 170 mg/ml má blanda Ceftazidim Fresenius Kabi stungulyfsstofni við innrennslislyf, lausnir sem algengt er að nota:

- 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn (lífeðlisfræðileg saltlausn),
- Ringer-laktatlausn
- 100 mg/ml (10%) glúkósalausn

Við blöndun til notkunar í vöðva má einnig þynna Cefazidim Fresenius Kabi stungulyfsstofn með 10 mg/ml (1%) lídókaínlausnum.

Þegar ceftazidim hefur verið leyst upp losnar koltvísýringur og jákvæður þrýstingur myndast. Fylgja skal ráðlögðum blöndunaraðferðum sem lýst er hér að neðan til að auðvelda notkun.

Leiðbeiningar varðandi blöndun:

Fyrir 500 mg til notkunar í vöðva/ í bláæð og 1000 mg til notkunar í vöðva/í bláæð.

Undirbúningur lausna fyrir staka inndælingu

1. Stingið sprautunálinni gegnum lokið á hettuglasinu og sprautið ráðlögðu rúmmáli af leysi. Sogkrafturinn kann að auðvelda aðgengið fyrir leysinn. Fjarlægið sprautunálina.
2. Hristið til að leysa lyfið upp: koltvísýringur losnar og tær lausn fæst á 1 til 2 mínútum.
3. Hvolfið hettuglasinu. Þrýstið bullu sprautunnar alla leið niður, setjið nálina gegnum lokið á hettuglasinu og dragið heildarrúmmál lausnarinnar upp í sprautuna (þrýstingurinn í hettuglasinu kann að auðvelda það að draga upp lausnina). Gangið úr skugga um að nálin sé áfram í lausninni og fari ekki í kollrúmið. Lausnin sem dregin var upp kann að innihalda smáar loftbólur með koltvísýringi, en ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim.

Gefa má lausnirnar beint í æð eða setja þær í slöngu með gjafasetti ef sjúklingurinn fær vökva í bláæð. Cefazidim samrýmist ofangreindum vökvum til notkunar í bláæð.

Fyrir 2000 mg innrennislöslös

Undirbúningur lausna fyrir innrennsli í bláæð með ceftazidim stungulyfi í hefðbundnu glasi (smápoki eða sett með mælípípu):

1. Stingið sprautunálinni gegnum lokið á glasinu og sprautið 10 ml af leysi.
2. Dragið nálina til baka og hristið glasið svo lausnin virðist tær.
3. Ekki stinga inn þrýstilosandi nál (gas relief needle) fyrr en lyfið hefur leyst upp. Stingið þrýstilosandi nál gegnum lokið á glasinu til að losa innri þrýsting.
4. Flytjið blönduðu lausnina í endanlegan gjafabúnað (t.d. smápoka eða sett með mælípípu) en endanlegt heildarrúmmál hennar á að vera a.m.k. 50 ml og gefa skal hana með innrennsli í bláæð í 15 til 30 mín.

ATHUGIÐ: Til að gæta þess að lyfið haldist sæft er mikilvægt að stinga ekki þrýstilosandi nál gegnum lokið á hettuglasinu/glasinu fyrr en lyfið hefur leyst upp.

Aðeins einnota.

Blönduð lausn: Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika í 6 klst. við 25°C og í 12 klst. við 5°C eftir blöndun lyfsins við vatn fyrir stungulyf, 1% lídókaínlausn, 0,9 % natríumklóríðlausn, ringer-laktatlausn og 10% glúkósalausn. Frá örverufræðilegu sjónarhorni skal nota lyfið tafarlaust.

Fleygja skal ónotaðri lausn í samræmi við gildandi reglur.

Þynning skal fara fram við smitgát.

Skoða skal lausnina fyrir gjöf með tilliti til agna og litabreytinga.

Aðeins skal nota lausnina ef hún er tær og laus við agnir.

Lausnirnar geta ýmist verið ljósgular eða gulbrúnar, eftir styrk, þynni og geymsluaðstæðum. Við ráðlagða notkun skerðist virkni lyfsins ekki vegna breytileika hvað varðar lit.